

Kirkjuþing 2023-2024

27. mál – þskj. 27a.

TILLAGA

til þingsályktunar um áskorun til kirkjuþings til að auka fjármagn til

Kirkjumiðstöðvar Austurlands.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Berglindi Hönnudóttur.

Frsm. Berglind Hönnudóttir.

Kirkjuþing unga fólksins skorar á kirkjuþing að tryggja aukið fjármagn til Kirkjumiðstöðvar Austurlands.

Greinargerð.

Kirkjumiðstöð Austurlands er eign safnaðanna í Austurlandsprófastdæmi. Á sumrin eru reknar þar sumarþúðir með rými fyrir 40 börn til að koma og dvelja en hver flokkur í sumarþúðunum er fimm dagar og fjórar nætur. Á hverjum degi er fræðslustund og svo er helgistund með hugleiðingu á kvöldin. Þetta er mikilvægt tækifæri til boðunar þar sem börn og unglingar kynnast Guði á dýpri og öðruvísi hátt en í hefðbundnu starfi yfir vetrartímann.

Verðlag á Íslandi hefur farið hækkandi og hver sumarþúðaflokkur stendur ekki undir sér einn og sér. Í dag borgar hvert barn kr. 55.000,- fyrir dvölinu, og innifalið í því er öll dagskrá, fæði og starfsfólk. Það ætti að vera stefna kirkjunnar að bjóða upp á ódýrt starf fyrir börn og unglinga og því ekki vænlegt að hækka gjald fyrir hvern flokk.

Á hverju ári eru allir flokkar sem boðið hefur verið upp á fullir með biðlistum og því er mikið sóknartækifæri fyrir kirkjuna fjölga dvalarflokkum og gefa fleiri börnum möguleika á að kynnast þessu starfi og fagnaðarerindinu.